



FRÉTTABRÉF FÉLAGS ÍSLENSKRA ATVINNUFLUGMANNA / FEBRÚAR 2023

Fréttabréf FÍA



Atlaga að grunnstoðum Landhelgisgæslu Íslands

Ályktun FÍA um sölu á flugvél LHC - Samningar við flugskóla - Starfslokaboð
Lyfjanotkun flugmanna - Aðalfundur og framboð - Fréttir af starfi

EFNISYFIRLIT

3.
Ávarp formanns

4.
Ályktun FÍA um
sölu á TF-SIF

5.
Tímamótasamningur
og aðrar fréttir úr starfi

6.
Enn ekki samið
við flugmenn LHG

7.
Skýjaborgir

8.
Starfslokaboð FÍA

9.
Lyfjanotkun
flugmanna

11.
Aðalfundur
og framboð

JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON, FORMAÐUR FÍA



RÉTTARRÍKINU SNÚIÐ Á HVOLF

Kæru félagar,

Það er góður siður í upphafi árs að líta yfir farinn veg og horfa við sama tækifæri til framtíðar. Við getum þakkað það góða sem áunnist hefur og ákveðið að draga lærdóm af því sem betur mætti fara. Vonandi er hið góða ráðandi í lífi okkar allra.

Flugiðnaðurinn er að taka hratt við sér og nálgast óðum það umfang sem var fyrir covid og dæmalaust klúður og vandræðagang stjórn mála og embættismanna. Við sjáum flugfélögin okkar auka áætlun og framboð á flugi frá síðasta ári sem er ánægjulegt. Sömuleiðis er afar mikilvægt að sjá að allir sem misstu vinnuna vegna heimsfaraldursins verða komnir aftur til vinnu nú í vor. Þó fyrr hefði verið, mætti segja en ánægjulegt engu að síður og ári fyrr en upphaflegar spár gerðu ráð fyrir.

Ýmis greiningarfyrirtæki og sérfræðingar spá því að framundan sé mikill flugmannaskortur víða í heiminum sem ekki sér fyrir endan á næstu 10 árin. Því má gera ráð fyrir uppgangi og nýliðun hjá flugrekendum á komandi árum að öðru óbreyttu. Þá mun skipta máli fyrir flugrekendur að eiga tryggð flugmanna FÍA áfram sem hingað til. Það hefur verið lykillinn að jákvæðum og öruggum viðsnúningi fyrirtækja að vera með góðan kjarasamning, starfsaldurslista og trölltryggt starfsfólk sem hefur verið tilbúið á árarinnar þegar á hefur þurft að halda. Jafnvel þó að á stundum hafi verið gengið ansi langt í hagræðingarkröfum og nýtingarstefnu. Við sjáum að þeim fyrirtækjum sem hafa gengið hvað lengst í Excel-væðingu mannauðs hefur ekki vegnað betur en þeim sem reyna að finna hinn gullna meðalveg. Dæmin um það eru mýmörg.

Það er mín skoðun að undanfarin misseri hafi verið álagspróf á okkur flugmenn, fyrirtækin okkar og innviði flugiðnaðarins. Ekki síst hefur prófið reynt á hæfileika fólks til að eiga uppbyggileg samskipti. Það hefur reynt gríðarlega á okkur öll við að finna leiðir til að sigrast á öllum þeim áskorunum sem upp hafa komið. En óhætt er að fullyrða að það próf höfum við staðist. Framundan eru fleiri próf sem snúa að frekari uppbyggingu og samkeppnishæfni í síbreytilegum flugheimi. En þessar sífelldu áskoranir og næmni iðnaðarins sem við störfum í eru einmitt eitt af því sem gerir hann svo áhugaverðan og eftirsóttan starfsvetvang.

Ég vil hrósa okkur öllum fyrir órofa samstöðu nú sem fyrr. Samstaðan er lykillinn að farsæld okkar og hefur verið öðrum hagsmunahópum fyrirmynd áratugum saman. Það væri óskandi að allir atvinnuflugmenn á Íslandi væru sameinaðir undir merkjum FÍA.

Við eigum góða féлага og vini hjá flugfélaginu Play, sem á þessari stundu eru starfandi atvinnuflugmenn undir merkjum annars stéttarfélags. Ég tel að hagsmunum þeirra og okkar sem erum félagar í FÍA væri best borgið í einu félagi þar sem við mundum sameiginlega berjast fyrir hagsmunum flugmanna. Berjast fyrir fastengdum málefnum eins og öryggismálum, berjast fyrir bættum kjörum, gegn félagslegum undirboðum, gerviverktöku og veita stjórnvöldum og stofnunum nauðsynlegt aðhald. Vonandi getur það orðið áður en langt um líður.

Talandi um að veita stjórnvöldum og stofnunum aðhald, þá hefur nauðsyn þess birst okkur hvað eftir annað. Nú síðast í fordæmalausri og óverjandi ákvörðun dómsmálaráðherra um að selja eina af grunnstoðum LHG, sérútbúna flugvél til leitar og björgunar án þess að hafa til þess heimild í lögum.

Engu að síður tók ráðherra ákvörðunina og uppálagði stofnunninni að segja upp fólki. Framkvæmdavaldið ætlar svo að senda löggjafarvaldinu nótu um að það þurfi að setja lög sem styðji gerræðisákvæðanir ráðherra! Þarna er búið að snúa réttarríkinu á hvolf! Stjórn FÍA hefur ályktað um þennan gjörning og má lesa ályktun stjórnar hér í fréttabréfinu og á öðrum miðlum FÍA.

Aðalfundur FÍA verður haldinn þann 16. febrúar nk. kl. 20:00 á Grand hótél í Reykjavík. Þar munu fara fram hefðbundin aðalfundarstörf en einnig verður kosið í embætti varaformanns sem og 3ja meðstjórnenda. Ég vona að við sjáum okkur sem allra flest fært að mæta. Það er mikilvægur hluti félagsstarfsins hjá okkur að hittast á slíkum fundum, skiptast á skoðunum og treysta böndin og stéttarfélagsvitundina.

Með góðri kveðju,
Jón Þór Þorvaldsson

ÁLYKTUN FÍA VEGNA ÁKVÖRÐUNAR DÓMSMÁLARÁÐHERRA UM AÐ SELJA

FLUGVÉL LANDHELGISGÆSLU ÍSLANDS, TF-SIF

Þann 1. febrúar sl. bárust fréttir af ákvörðun dómsmálaráðherra um að hætta rekstri sérútbúinnar flugvélar Landhelgisgæslu Íslands (LHG) TF-SIF. Ákvörðuninni fylgir sú niðurstaða að undirbúa eigi sölufurli flugvélarinnar og að tafarlaust skuli segja upp flugmönnum vélarinnar.

Ákvörðun ráðherra er að mati FÍA óforsvaranleg og ólögleg af mörgum ástæðum. Ákvörðunin er óverjanleg með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga og samstarfs íslenska ríkisins við önnur ríki og stenst ekki skoðun að þjóðarrétti.

Ákvörðunin vegur að þjóðaröryggisstefnu lýðveldisins Íslands og ljóst að ekki hefur verið haft samráð við Alþingi. Í ljósi þess má vænta að ráðherra hafi heldur ekki upplýst þjóðaröryggisráð um áform sín áður en hann réðist til verka og þannig brugðist skyldum sínum samkvæmt lögum um þjóðaröryggisráð.

Hvergi kemur fram hvernig ráðherra ætli að uppfylla skyldur ríkisins varðandi öryggisgæslu og björgun á hafi úti í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, samninga við önnur ríki og ákvæði íslenskra laga. Landhelgisgæslan getur ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum um Landhelgisgæsluna og alþjóðlegum skuldbindingum án sérútbúinnar flugvélar enda erum við eyþjóð með leitar- og björgunarsvæði sem telur 1,9 milljónir ferkílómetra og u.þ.b. 700 sjómílar eru frá Reykjavíkflugvelli í NA & SV hornin sem marka ytri mörk svæðisins sitthvoru megin. Ísland ber ábyrgð á öryggisgæslu og löggæslu, leit og björgun á þessu svæði. Það að hafa ekki tiltæka sérútbúna flugvél líkt og TF-SIF til leitar á svona stóru svæði, þar sem umferð bæði flugvéla og skipa er mikil, og heldur áfram að aukast t.d. með aukinni umferð bæði skemmtiferðaskipta og fraktflutningaskipta, er með öllu óásættanlegt og vegur augljóslega gegn þjóðaröryggi og alþjóðlegum skuldbindingum íslenska ríkisins.

Hvorki í lögum um Landhelgisgæsluna né í lögum um loftferðir er að finna heimildir til að framsetja skyldur stofnunarinnar um öryggisgæslu og löggæslu á hafinu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, samninga við önnur ríki og ákvæði laga.

Ástæður ráðherra fyrir þeirri ákvörðun sinni að selja flugvél Landhelgisgæslunnar virðast fyrst og fremst vera hagræðingar í fjármálum ríkisins en eins og komið hefur fram hjá stjórnarandstöðunni á þingi liggur ekki fyrir heimild fyrir sölu TF-SIF í nýsamþykktum fjárlögum. Þá hafa ekki verið lagðir fram útreikningar frá ráðherra sem sýna fram á í hverju hagræðingin felst og hvort hægt sé að ná fram hagstæðari rekstri flugvélar á vegum Landhelgisgæslunnar. Varðandi dýran rekstur flugvélarinnar er ljóst að engin löggæsla er rekin með hagnaði og ástæða þess að flugvélin hefur verið leigð suður um höf er að ekki hefur fengist fjármagn í fjárlögum til að hafa flugvélin alla mánuði ársins á landinu þrátt fyrir skyldur ríkisins til að hafa hana tiltæka.

Varðandi heimildarleysi til sölnnar bendir FÍA á að samkvæmt stjórnarskrá má ekki greiða gjald og selja eignir úr ríkissjóði nema heimild til þess í fjárlögum eða fjáráukalögum. Komið hefur í ljós að engin heimild var í lögum fyrir sölu TF SIF og engin umræða hefur farið fram á Alþingi varðandi sölu. Er af því ljóst að ráðherra hefur ekki heimild til að taka þessa ákvörðun einn og án heimildar frá Alþingi.

Uppsagnir flugmanna vélarinnar án slíkrar heimildar er ekki hægt að túlka öðruvísi en grimma atlögu að þeim starfsmönnum Landhelgisgæslunnar. Uppsagnir á störfum þessara flugmanna fela jafnframt í sér brot á kjarasamningi FÍA við Landhelgisgæsluna og starfsaldursreglum sem eru hluti af þeim kjarasamningi. Mun FÍA að sjálfsgöðu standa vörð um störf þeirra og leita atbeina Félagsdóms gerist þess þörf.

TÍMAMÓTASAMNINGUR VIÐ FLUGSKÓLA



Mynd: HBO

Eldri kjarasamningur rann sitt skeið í ársbyrjun 2020 og hafa flugskólarnir því fengið sitt griðartímabil vegna Covid-19 heimsfaraldurs, líkt og aðrir flugrekendur fengu,“ útskýrir Högni Björn Ómarsson, ritari FÍA sem er formaður samninganefndar. „Gildistími hins nýja samnings er út árið 2028, en hægt er hafa svo langan samningstíma með því að nota visitölutengd viðmið til að tryggja árlegar kauphækkningar og að auki ætla samningsaðilar að koma saman árlega til að meta áhrifin af þeim breytingum sem gerðar voru á eldri samningi.“

Um tímamótasamning er að ræða, en flugkennarar fá nú í fyrsta sinn kjarasamning sem er alfarið sniðinn að starfsaðstæðum og þörfum þeirra og flugskólanna. „Á sínum tíma var grunnsamningur flugkennara byggður á eldri útgáfum samninga FÍA við flugfélög, og því voru þar ákvæði sem ekki eiga við um kennsluflug. Að þessu sinni tókst að fá samningsaðila að borðinu sem gátu gefið sér tíma í heildar endurskoðun allra ákvæða, bókana og yfirlýsinga. Það var ánægjulegt, en tók vissulega tíma og vonandi telja flugkennarar að biðin hafi verið þess virði,“ segir Högni.

„Með samningnum fá flugskólarnir jafnframt betri aðgang að stærri hópi flugmanna sem geta miðlað þekkingu sinni

og reynlu áfram, ekki aðeins vegna þess að nú bjóðast betri kjör heldur líka af því að tvískipting samningsins veitir flugskólum heimild til að vera með fastráðna kennara í fullu starfi eða hlutastarfi, en einnig lausráðna þar sem það á við.“

Högni segir að hinn nýji kjarasamningur flugkennara tryggi félagsmönnum FÍA eðlileg launakjör ásamt þeim réttindum sem aðildin að FÍA færir flugkennurum að auki.

Sérkjör verða í boði hjá FÍA fyrir flugkennara sem velja að tryggja sig enn betur en kveðið er á um í kjarasamningi og þá mun sjúkrasjóður FÍA mæta útgjöldum vegna reglubundinna læknisskoðana flugkennara sem þyrftu annars að bera þann kostnað sjálfir.

„Flugkennarar líkt og aðrir atvinnuflugmenn eru að sjálfsögðu velkomnir í FÍA og með nýjum kjarasamningi ætti aðild þeirra að vera eðlilegasti hlutur í heimi,“ segir Högni. „Að sama skapi ættu allir sem starfrækja flugskóla að ganga til samninga við FÍA og taka höndum saman um að sýna starfi flugkennara þá viðingu sem því ber.“

„Um tímamótasamning er að ræða, en flugkennarar fá nú í fyrsta sinn kjarasamning sem er alfarið sniðinn að starfsaðstæðum og þörfum þeirra og flugskólanna.“

SAMNINGSLAUSIR FLUGMENN LHG

Kjaraviðræður þokast hægt



„FÍA mun áfram standa vörð um að flugöryggi sé fremst í stafni en að mati félagsins eru ýmis grundvallaratriði kjaraviðræðna nú þegar komin í lausnarform og ætti vel að vera hægt að ljúka samningum eða í það minnsta framlengja núgildandi samning.“

Málefni varðandi Landhelgisgæsluna eru víðar í hnút en flugmenn þar hafa nú verið samningslausir í yfir þrjú ár. Eftir fund með ráðherra fyrr í vetur leit út fyrir að skrið væri að komast á málín en því miður kom aftur bakslag í viðræður rétt fyrir jól.

FÍA heldur áfram að leita allra leiða til þess að ná samningum við Samninganefnd ríkisins og heldur fast í vonina um að það náist fyrr en síðar enda óásættanlegt hversu hægt viðræður hafa gengið og hversu mikilli mótstöðu flugmenn LHG hafa mætt.

FÍA mun áfram standa vörð um að flugöryggi sé fremst í stafni en að mati félagsins eru ýmis grundvallaratriði kjaraviðræðna nú þegar komin í lausnarform og ætti vel að vera hægt að ljúka samningum eða í það minnsta framlengja núgildandi samning.

FÍA biður næstu skrefa hjá ríkissáttasemjara.

Baráttan færðist í liðinni viku yfir í baráttu fyrir tilverurétti flugmanna flugvélarinnar TF-SIF hjá Landhelgisgæslunni vegna ákvörðunar dómsmálaráðherra um að hætta rekstri sérútbúinnar flugvélar Landhelgisgæslunnar.

Líkt og fjallað er um í fréttablaði þessu gaf FÍA út ályktun vegna þeirrar ákvörðunar sem félagið telur bæði óforsvaranlega og ólöglega af mörgum ástæðum. Í kjölfar ályktunar voru forsvarsmenn FÍA kallaðir á fund fjárlaganefndar Alþingis en formaður nefndarinnar hefur harðlega gagnrýnt ákvörðun ráðherra og bent á að hún hafi verið tekin án heimildar frá Alþingi líkt og lög gera ráð fyrir.

Í ljósi umræðu í fjölmiðlum undanfarna daga er þess að vænta að ákvörðunin verði dregin til baka og að kjaraviðræður geti haldið áfram.

JÁKVÆÐNI OG VIÐHORF
- hádegisfyrirlestur
mið. 22. febrúar
kl. 12:00

Starfsmenntasjóður býður upp á áhugaverðan hádegisfyrirlestur miðvikudaginn 22. febrúar í Hlíðasmára 8.

Þar kemur **Ásgeir Jónsson** til okkar frá Takmarkalaust líf en efni fyrirlestursins verður um jákvæðni og viðhorf - hvernig á að takast á við lífið og einkalífið.

SKÝJABORGIR

- Góð nýting sumarhúsa á árinu



Vinnu við nýja húsið í Húsafelli miðar vel áfram

Ágætu félagar.

Eins og flestum er kunnugt eiga Skýjaborgir FÍA (orlofshúsasjóður) fimm orlofshús. Fjögur þeirra voru í rekstri árið 2022. Nýtingin var með besta móti en á árinu leigðust tæplega 80% helga út og yfir sumarkvikurnar var nýtingin 93%. Hjá FÍA eru um 240 félagsmenn um hvert hús en hjá öðrum stéttarfélögum er algengt að hlutfallið sé 4-500 félagsmenn á hvert hús.

Nýtt hús í Húsafelli

Byggingu nýs orlofshúss í Húsafelli er vel á veg komin og höfum við verið að vonast til að það verði tilbúið á fyrsta ársfjórðungi 2023. Óvíst er hvort það næst en byggingin hefur tafist m.a. vegna rofs í áfangakeðjum. Húsið stendur við Gráhraun 2 og er keyrt framhjá afleggjaranum að hótelinu í ca 700 metra og beygt þar til vinstri inn í nýtt hverfi sem búið er að skipuleggja þar. Þess má til gamans geta að í þessum hluta hverfisins eru u.þ.b. 40 hús en einungis tvö eru í eigu stéttarfélaga. Eins og áður hefur komið fram er húsið 88 fm ásamt 20 fm gestahúsi en þetta er fyrsta húsið sem gestahús fylgir.

Nýr vefur í burðarliðum

Orlofshúsavefurinn okkar orlof.is/fia er barn síns tíma og virkar frekar leiðinlega á snjalltækjum. Nýr vefur er í burðarliðnum en eins og vill gerast þá hefur innleiðing hans tafist nokkuð.

Við hvetjum félagsmenn til að skoða vefinn vel og t.d. vita ekki allir af flípanum „ferðaávisun“ en þar eru tilgreind þau hótél sem við bjóðum upp á niðurgreiðslu en framboðið þar er breytilegt á hverjum tíma og nú í janúar var t.d. hótél Sigló að koma inn yfir veturinn.

Göngum vel frá

Að lokum þetta. Það hefur verið hefð að skammast yfir umgengni um orlofshúsin okkar. Það er eðlilegt að eitthvað brotni eða beyglist og biðjum við ykkur að láta okkur vita þegar það gerist þannig að hægt sé að bregðast við.

Það er hinsvegar ekki eðlilegt þegar kvartað er undan illa þrifnum húsum og því miður höfum við nokkrum sinnum þurft að kaupa þrif þegar aðkoman hefur verið með versta móti.

Það er á ábyrgð leigjanda að skila húsinu vel þrifnu að lokinni notkun.

Við minnum á netfangið okkar skyjaborgir@fia.is

Fyrir hönd Skýjaborga,
Valur Hlíðberg



LANGUR OG FARSÆLL FERILL AÐ BAKI!

Vel var mætt í starfslokaboð FÍA

Félag íslenskra atvinnuflugmanna hélt á dögunum starfslokaboð fyrir flugmenn sem hafa látið af störfum nýverið. Flugmennirnir voru óvenju margir að þessu sinni því ekki var hægt að halda slík boð á meðan Covid-19 faraldrinum stóð. FÍA óskar þeim öllum til hamingju með starfslokin og þakkar þeim fyrir framlag sitt til flugþjónustu á Íslandi.



Icelandair

Pétur Arnarsson
Úlfar Henningsson
Atli Baldvin Unnsteinsson
Helgi Þorsteinsson
Leifur Árnason
Þorsteinn Guðmundsson
Áki Snorrason
Ásgeir Sigurðsson
Ármann Sigurðsson
Þórarinn Hjálmarsson
Steinar Steinarsson
Kristján Óskarsson

Franz Ploder
Sigríður Einarsdóttir
Þórir Brynjúlfsson

Flugfélagið

Ragnar Smári Ólafsson
Tryggvi Jónsson

LHG

Hafsteinn Heiðarsson

Atlanta

Albert Baldursson
Hrafn Hauksson
Jóhann Þórisson
Kyrre Geir Nilsen
Stefán P. Þorbergsson
Örn Gunnarsson
Brynjólfur Sigurbjörnsson
Stefán Þórisson
Sveinn Einarsson



Brautryðjandi lætur af störfum

Að öðrum ólöstuðum er tilefni til að minnast sérstaklega á Sigríði Einarsdóttur í hópi þeirra flugmanna sem nú létu af störfum. Sigríður var fyrsta konan sem ráðin var til Icelandair sem atvinnuflugmaður. Hún hefur sinnt ýmsum störfum í þágu stéttarfélagsins, þar á meðal var hún fyrst kvenna til að sitja í stjórn félagsins en einnig var hún í stjórn sjúkrasjóðs og trúnaðarráði.

Hún lætur nú af störfum eftir langan og farsælan feril og hefur verið frábær fyrirmynd og frumkvöðull á marga lund.



LYFJANOTKUN FLUGMANNA

Flugmenn þurfa eins og aðrir að nota lyf um skemmri eða lengri tíma. Áður fyrr voru fleiri lyf bönnuð en síðan hefur verið sýnt fram á að mörg þeirra hafa ekki áhrif á flugöryggi. Þegar byrjað er að taka lyf er rétt að huga að undirliggjandi vandamáli og skoða hvort það geti haft áhrif á hæfni flugmanns. Oft er það sjálfur sjúkdómurinn frekar en lyfin sem veldur því að flugmaður má ekki fljúga. Sumir sjúkdómar hafa lítil áhrif á jörðu niðri en geta haft veruleg áhrif í mikilli hæð.

Taka þarf tillit til verkana og aukaverkana lyfja og rétt er að hafa í huga að sumar aukaverkanir geta komið seint fram. Almenna reglan er að biðja með að fljúga í 2 vikur eftir að byrjað er að taka lyf eða skammtur aukinn en sum lyf krefjast lengri tíma. Mikilvægt er að flugmenn leiti sér upplýsinga hjá fluglækni um hvort lyf sé leyft. Stundum þarf að setja inn takmörkun í heilbrigðisskírteini ef flugmaður tekur ákveðnar tegundir lyfja.

Af þeim lyfjum sem ekki eru leyfð er algengast að þau hafi áhrif á miðtaugakerfið eða ósjálfráða kerfið. Einnig geta þau haft áhrif á ákveðin skynfæri eða valdið eitrunaráhrifum í líffærum.

- Atli Einarsson, fluglæknir



LYFJANOTKUN FLUGMANNA

Hér að neðan eru upplýsingar um helstu lyfjaflokka:

Háþrýstingslyf:

Til eru fimm meginflokkar blóðþrýstingslyfja sem eru leyfðir. Mikilvægt er að viðkomandi sé í eftirliti m.a. vegna þess að sum lyfjanna geta valdið ójafnvægi í saltbúskap. Í undantekningartilfellum eru notuð önnur lyf sem eru bönnuð t.d af flokki alfablokkera.

Sýklalyf:

Ef flugmaður þarf að nota sýklalyf er hann með einhverja sýkingu og því líklegt að hann eigi ekki að fljúga. Stundum eru sýklalyf notuð í langan tíma og þarf þá að meta hvert tilfelli fyrir sig. Malariulyf eru notuð í fyrirbyggjandi tilgangi og eru flest þeirra leyfð en eitt þeirra Lariam, hefur áhrif á miðtaugakerfið og er því óheimilt.

Verkjalýf:

Vægari verkjalýf eins og paracetamol og NSAID (Voltaren, Ibúfen) eru leyfð. Langtímanotkun eða háir skammtar geta aftur á móti haft alvarlegar aukaverkanir. Sterkari lyf eins og kóðín og morfínlyf hafa áhrif á miðtaugakerfið og eru bönnuð.

Sykursýkislyf:

Insúlín er bannað. Lyf sem eru notuð við sykursýki típu 2 eru af nokkrum gerðum og geta sum valdið sykurfalli og eru því ekki leyfð. Sum lyf eru leyfð ein og sér en ekki með öðrum lyfjum. Mikilvægt er að flugmenn með sykursýki séu undir eftirliti enda er sykursýki sterkur áhættuþáttur fyrir hjarta- og æðasjúkdóma.

Astmalyf:

Eru flest leyfð til að halda niðri einkennum. Mikilvægt að undirstrika að sterar til inntöku eru ekki leyfðir. Hóstalyf eru ekki leyfð.

Geðlyf:

Í raun eru geðlyf bönnuð enda virka þau á miðtaugakerfið og hafa oft óæskilegar aukaverkanir fyrir flugmenn. Í undantekningartilfellum eru þunglyndislyf af flokki svonefndra SSRI lyfja leyfð til að varna því að sjúkdómur taki sig upp að nýju. Öll lyf við athyglisbresti eru bönnuð.

Svefnlyf:

Eru leyfð vegna tilfallandi vandamála en gæta þarf að því að áhrifin séu horfin áður en flogið er að nýju. Velja skal lyf með stuttan helmingunartíma t.d. Imovane ef lyf er notað nóttina fyrir flug. Miðað skal við að taka slíkt lyf a.m.k. 8 klst. fyrir flug. Skoða þarf undirliggjandi ástæður við langvarandi svefnleysi.

Ofnæmislyf:

Sum þessara lyfja geta valdið syfju og á það við um eldri gerðir sem eru sjaldan notaðar. Dæmi um nýrri tegundir sem eru leyfðar t.d. Clarityn, Loritín og Telfast. Rétt er að benda á að þessi lyf finnast líka í öðru lyfjaformi en töflum t.d sem nefúði og augndropar.

Meltingafæralýf:

Lyf við magabólgu og bakflæði eru leyfð en mikilvægt er að rétt greining liggja fyrir áður en notkun hefst.

Reykingalyf:

Lyf til að hætta reykingum hafa áhrif á miðtaugakerfið og eru því ekki leyfð. Nikótín er leyft þegar það er notað til að hætta að reykja.

Hormónalyf:

Eru leyfð en sum þeirra auka hættu á blóðtöppum og því er mikilvægt að skoða aðra áhættuþætti áður en byrjað er að nota slík lyf. Hætta á blóðtappa eykst fyrst og fremst í flugi sem er yfir 8 klst. Mikilvægt að drekka vel og hreyfa sig reglulega í slíku flugi.

Lyf við stækkuðum blóðruhálskirtli:

Tveir lyfjaflokkar eru aðallega notaðir og eru báðir leyfðir. Gæta þarf varúðar með sértæka alfa 1 blokkera t.d. Tamsulin þar sem þeir geta valdið blóðþrýstingsfalli, sérstaklega ef viðkomandi tekur líka blóðþrýstingslyf. Hinn lyfjaflokkurinn 5 alfa reductasa blokker t.d. Fínól hefur færri aukaverkanir.

- Atli Einarsson, fluglæknir



AÐALFUNDUR OG FRAMBOÐ

Aðalfundur Félags íslenskra atvinnuflugmanna verður haldinn fimmtudaginn 16. febrúar í ár. Fundarstörf hefjast kl. 20:00 í húsakynnum Hótel Reykjavík Grand við Sigtún í Reykjavík.

Á aðalfundi verða varaformaður og þrír meðstjórnendur kosnir en í ljós hefur komið að sjálfkjör verður í þau embætti. Í framboði til varaformanns er Guðmundur Már Þorvarðarson. Í framboði til stjórnar eru Jóhannes Jóhannesson, G. Birnir Ásgeirsson og Haraldur Helgi Óskarsson

Við hvetjum allt félagsfólk til að mæta!

Framboð til varaformanns



GUÐMUNDUR MÁR ÞORVARÐARSON flugstjóri hjá Icelandair

Sælir kærufélagar.

Ég hef ákveðið að bjóða mig aftur fram til varaformanns FÍA. Því embætti hef ég gegnt nú undanfarin ár eða síðan um mitt ár 2017. Annars hóf ég stjórnarstörf sem meðstjórnandi í FÍA í kjölfar aðalfundar í febrúar 2014. Ég var gjaldkeri félagsins í rétt rúm ár eða þar til ég tók við embætti varaformanns. Á þessum tíma síðan 2014 hef ég setið í samstarfsnefnd og einnig tekið þátt í kjarasamningsgerð við hina ýmsu viðsemjendur FÍA auk þess að hafa setið í trúnaðarráði.

Ég er fjölskyldumaður og bý í Hafnarfirði og hef starfað hjá Icelandair síðan 2005. Það eru virkilega krefjandi tímar að baki okkur öllum sem störfum við flugiðnað og höfum við sem störfum í þágu félagsmanna FÍA ekki farið varhluta af því og ýmis verkefni sem áætluð voru hafa því miður þurft að víkja fyrir þeim áskorunum sem við stóðum frammi fyrir þegar heimsfaraldur skall á.

Það er því sú hvatning sem hvetur mig áfram til að bjóða mig fram aftur, þ.e. að halda áfram þeirri vinnu sem rétt var hafin í upphafi árs 2020 þar sem ætlunin var að fara í ákveðna stefnumótun og vinnu við að finna og ákvarða leiðir til að auðvelda vinnuferla innan FÍA og efla þjónustustig við félagsmenn enn frekar.

Ég vil þakka fyrir sýndan stuðning og traust undanfarin ár og jafnframt þakka ég traustið til næstu tveggja ára. Hlakka svo til að sjá ykkur sem flest á aðalfundi þann 16. febrúar.

Með góðri kveðju
Guðmundur Már Þorvarðarson

Framboð til stjórnar

HARALDUR HELGI ÓSKARSSON

flugstjóri hjá Air Atlanta

Ég hef ákveðið að bjóða mig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Ég hóf störf við flug 1999 hjá Íslandsflugi og fór svo sama ár yfir til Atlanta þar sem ég vinn sem flugstjóri í dag. Einnig tók ég eitt ár í launalaust leyfi frá Atlanta og flaug þá sem flugstjóri hjá Flugfélagi Íslands.

Reynsla mín af stéttarfélagsmálum er löng og margvísleg. Ég sat í stjórn Frjálsa Flugmannafélagsins og sinnti þar einnig formennsku um tíð. Þar kom ég að samningagerð, samstarfsnefndarvinnu ásamt mörgu öðrutilfallandi. Undir lok þess félags tók ég þátt í því að sameina FFF og FÍA sem gekk frekar vel að ég tel. Í framhaldi af þessari vinnu sat ég í stjórn FÍA, sinnti samningagerð ásamt vinnu í samstarfsnefnd. Ég tók svo gott frí frá stéttarfélagsvinnu en sneri aftur á síðasta kjörtímabili til stjórnarsetu eftir að hafa verið í baklandi við gerð samninga sem undirritaðir voru 2020. Reynsla mín í þessu spannar því rúmlega 10 ár.

Það er mikilvægt að þessari vinnu okkar sé sinnt af kostgæfni og hef ég átt mjög farsælt samstarf við núverandi stjórn (og starfsfólk) sem og með Birni frá AAI. Undanfarin tvö ár höfum við stigið ölduna saman í krefjandi aðstæðum, það mæðir

sannarlega mismikið á mönnum og eiga félagar mínir í stjórn hrós skilið fyrir mikinn dugnað og elju.

Það ber einnig að þakka fyrir farsælt samstarf við okkar menn í Atlanta, því þótt svo mönnum greini á þá höfum við getað leyst mál af kostgæfni, þótt svo það gerist ekki á einni nóttu. Framundan hjá okkur í Atlanta sjáum við fram á fjölgun í flugmannahópnum og þarf að huga vandlega að framkvæmdinni á því ásamt svo ótal öðrum hlutum sem á okkar daga drífa.

Ég vil í lokin hvetja yngri félagsmenn okkar að sýna dug og þor og stíga af meiri festu inn í stéttarfélagsmálin, hér verðum við líka að hafa endurnýjun í mannskap.

Eftir rúm tvö ár sjáum við fram á að semja nýjan kjarasamning og þar væri gaman að sjá yngri flugmenn stíga inn eftir að hafa unnið með okkur áður og kynnst störfum félagsins.

Í lokin vil ég þakka þá velild sem ég hef skynjað á hópnum og það traust sem mér er sýnt.



Framboð til stjórnar

G. BIRNIR ÁGEIRSSON

flugstjóri hjá Air Atlanta

Ég er fjölskyldumaður og bý á Seltjarnarnesi. Ég hef starfað hjá Air Atlanta í yfir 20 ár og komið að félagstörfum fyrir FÍA lengst af.

Ég hef verið stjórnarmaður í FÍA undanfarin 2 ár, verið í Samstarfsnefnd og Samninganefnd FÍA við Air Atlanta og komið að gerð tveggja síðustu kjarasamninga svo eitthvað sé nefnt.

Síðustu 2 ár hafa verið krefjandi í stéttarfélagsmálum og ég vil áfram leggja mitt af mörkum til að takast á við öll þau krefjandi verkefni sem FÍA og flugrekendur hafa staðið frammi fyrir. Ég býð mig fram til áframhaldandi starfa fyrir FÍA og vona eftir stuðningi félagsmanna til þess.



Framboð til stjórnar

JÓHANNES JÓHANNESSON

Þyrluflugmaður hjá Landhelgisgæslu Íslands

Kæri félagi,

Ég starfa sem flugmaður á þyrlum Landhelgisgæslunnar og vonast eftir þínum stuðningi þann 16. febrúar n.k. þegar ég býð mig fram til stjórnar FÍA á aðalfundi félagsins.

Flugferill minn hófst árið 2006 þegar ég tók einkaflugmannspróf á flugvél hjá Geirfugli. Ég fékk þá flugu í höfuðið þegar ég starfaði sem hlaðmaður í sumar-afleysingum hjá Flugfélagi Íslands á árunum 2006-2009. Árið 2010 lauk ég atvinnuprófi á þyrlu í Noregi og tveimur árum síðar, árið 2012, hóf ég störf hjá Helo að fljúga Bell407GX í útsýnisflugi á Íslandi. Árið 2014 var ég svo ráðinn sem flugmaður hjá Landhelgisgæslu Íslands þar sem ég starfa enn.

Ég hef verið virkur liðsmaður í FÍA og setið í Trúnaðarráði félagsins nánast frá upphafi aðildar minnar þar. Ég er einnig í Öryggisnefnd FÍA, Samstarfsnefnd og Samninganefnd LHG.

Flugmenn hjá LHG hafa haft fulltrúa innan veggja FÍA síðustu ár sem hefur reynst afar mikilvægt í þeirri aðsókn sem ríkið hefur haft á samninga okkar síðan þeir losnuðu fyrir rúmlega þremur árum. Við værum því

þakklát að fá að halda því áfram fyrir okkar baráttu sem og baráttu allra félagsmanna FÍA. Verkfærin í kistunni eru fá, enda ekki með verkfallsrétt og því afar mikilvægt að vera partur af því öfluga stéttarfélagi sem FÍA er.

Ég tel mikilvægt að hafa fulltrúa minni flugmannahópa í stjórn. Bæði tryggir það betra upplýsingaflæði til FÍA og til flugmanna minni hópa. Því hef ég mikinn áhuga á að leggja krafta mína á vogarskálarnar og vinna í þágu okkar allra.

Í stéttarfélagi okkar er mikill fjölbreytileiki og tel ég því mikilvægt að stjórn FÍA endurspegli hóp félagsmanna sem best. Því legg ég fram nafn mitt sem 34 ára flugmaður með von um stuðning þinn.

Ég er kvæntur Abigail Jean Róbertsdóttir og eigum við saman tvær dætur.

Að lokum vil ég þakka félögum okkar sem setið hafa í stjórn FÍA undanfarin ár fyrir þrotlausa vinnu sína í okkar þágu.

Hljóðar kveðjur,
Jóhannes Jóhannesson

